



Kópavogi, 12. október 2023
2001382/211.01 HH

Efni: Minnisblað um starfsáætlanir frístunda 2023

Vinnuferli við yfirferð starfsáætlana

Forstöðumenn frístunda við alla grunnskóla Kópavogs hafa skilað starfsáætlun fyrir sína starfsstöð fyrir skólaárið 2023-2024. Þetta er í 8. skiptið sem slíkum áætlunum er skilað til grunnskóladeildar og þarf að fara eftir fyrirframgefnum ramma um innihald.

Allar starfsáætlanir frístundanna þetta árið eru vel unnar og fram settar með forsíðu og eftirfarandi efnisyfirliti:

1	Hagnýtar upplýsingar: sími, netfang, umsóknir og innritun, opnunartíma (daglegan og skólaárið), breytingar á vistun, hvernig forföll eru tilkynnt, fjölda barna eftir aldri og fl.
2	Gjaldskrá og innheimta – Gjaldskrá: vísa á eftirfarandi slóð: https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra – ferli innheimtu
3	Starfið í vetur - frístund – Gerð grein fyrir áherslum í starfinu – Dagsskipulag – Námskeið sem kennarar sjá um (kennaratímar) – Lýsing á samstarfi við íþrótt- og tómstundastarf Starfið í vetur – klúbbastarf – Hvernig er skipulagi á klúbbastarfinu háttað – Námskeiðsform – Hvaða starfsmenn koma að starfinu: Kennarar – starfsmenn félagsmiðstöðva, frístundaleiðbeinendur
4	Skólabragur/reglur – Lýsing á verkefnum sem móta jákvæð samskipti – Lýsing á reglum í frístund og viðbrögðum við frávikum frá þeim – Lýsing á hvernig brugðist er við ef grunur vaknar um einelti
5	Barnaráð – Barnaráð, hverjir sitja og hvernig skipulagt
6	Foreldrasamstarf – Gera grein fyrir samstarfi við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra um starfið
7	Öryggi og verkferlar – Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna – Barn mætir ekki – Barn týnist – Á ferð með börnin – Að fara í íþróttarútu

	– Alvarleg slys – Smávægilegir áverkar – Rýmingaráætlun – Viðbrögð við vá
8	Hressing – Hvernig er skipulagið
9	Innra mat – Lýsing á sjálfsmati frístunda – Gera skal grein fyrir hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats á árinu
10	Símenntunaráætlun – Hvaða námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk eru skipulögð af skólans hálfu
11	Listi yfir starfsfólk og starfsheiti
12	Annað sem varðar starfseminu

Vinnuferlið við yfirferð starfsáætlanna er að verkefnastjóri á grunnskóladeild fær starfsáætlarnar sendar til sín. Hann yfirfer síðan ritin í samræmi við efnisyfirlitið og sendir forstöðumönnum matsblað með athugasemdum tilbaka. Ef gera þarf breytingar eða viðbætur á starfsáætlun er farið fram á að forstöðumenn sendi uppfært eintak aftur til verkefnastjóra áður en starfsáætlun er birt á vefsíðu viðkomandi skóla. Þannig er tryggt að allar starfsáætlarnir standist viðmið.

Fjöldi barna í frístundum

Heildarfjöldi barna í frístundum við grunnskóla Kópavogs er 1278 barn skólaárið 2023-2024 og hefur fækkað um 83 frá fyrra skólaári. Í töflunni hér að neðan má sjá fjölda barna í hverri frístund og skiptingu fjölda eftir árgöngum:

Fjöldi skráður í frístund	1.b	2.b	3.b	4.b	Alls
Álfhóll - Álfhólsskóli	48	54	33	19	154
Hörðuheimar – Hörðuvallaskóli	53	80	46	5	184
Vinahóll – Kársnesskóli	73	70	45	11	199
Stjarnan – Kópavogsskóli	23	20	46	11	100
Demantabær – Lindaskóli	49	43	34	5	131
Dægradvöl - Salaskóli	27	47	41	15	130
Drekaheimar - Smáraskóli	38	43	33	1	115
Krakkaland – Snælandsskóli	44	38	33	5	120
Stjörnuheimar - Vatnsendaskóli	43	51	45	10	149
Alls	398	446	356	82	1282

Til samanburðar sýnir taflan hér að neðan fjölda barna skráðan í hvern árgang eftir skólum:

Fjöldi skráður í skóla	1.b	2.b	3.b	4.b	Alls
Álfhólsskóli	56	58	50	62	226
Hörðuvallaskóli	54	84	75	76	289
Kársnesskóli	77	71	56	63	267
Kópavogsskóli	24	21	52	29	126
Lindaskóli	50	44	42	31	167
Salaskóli	27	50	54	57	188
Smáraskóli	39	44	42	39	164
Snælandsskóli	45	38	45	57	185
Vatnsendaskóli	45	53	50	45	193
Alls	417	463	466	459	1805

Hlutfall barna skráð í frístund má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Hlutfall skráðra barna í frístund	1.b	2.b	3.b	4.b
Álfhóll - Álfhólsskóli	86%	93%	66%	31%
Hörðuheimar – Hörðuvallaskóli	98%	95%	61%	7%
Vinahóll – Kársnesskóli	95%	99%	80%	17%
Stjarnan – Kópavogsskóli	96%	95%	88%	38%
Demantabær – Lindaskóli	98%	98%	81%	16%
Dægradvöl - Salaskóli	100%	94%	76%	26%
Drekaheimar - Smáraskóli	97%	98%	79%	3%
Krakkaland – Snælandsskóli	98%	100%	73%	9%
Stjörnuheimar - Vatnsendaskóli	96%	96%	90%	22%

Styrkleikar

Starfsstöðvar frístundanna eru afar ólíkar, bæði er varðar stærð húsnæðis og fjölda barna en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa áhugasama og faglega forstöðumenn sem aðlaga starfsemina að þeim aðstæðum sem þeir búa við og sem vinna að því að skipuleggja áhugavert frístundastarf fyrir grunnskólabörn í 1. – 4. bekk í Kópavogi. Það eru t.d. alls staðar áhugaverðir valhópar í boði og flestar frístundir bjóða upp á mismunandi starf fyrir yngri og eldri nemendur, þ.e. reynt að hafa ný og spennandi viðfangsefni fyrir nemendur í 3. og 4. bekk til að þau fái ekki leið á starfinu. Í Krakkalandi Snælandsskóla er boðið upp á smiðjur fyrir nemendur í 3. – 4. bekk, þar eru viðfangsefnin skipulögð í samráði við börnin. Í Hörðuheimum er starfið í 3. – 4. bekk einnig skipulagt í samráði við börnin hverju sinni þar sem reynt er að mæta þeirra hugmyndum um efnivið og starfið. Hugmyndin er að skapa meiri félagsmiðstöðvar stemningu þar sem ramminn er minna afmarkaður en í starfi 1. – 2. bekkjar. Í Vinahóli Kársnesskóla er boðið upp á klúbbastarf fyrir 3. og 4. bekk sem

kennarar úr skólanum sjá um að mestu, þar er til dæmis í boði handverk, tónlist og leikir, heimilisfræði, skák, bókasafn, Lego og leikir og fleira.

Í Barnaráðum er unnið með barnalýðræðið þar sem barnahópar þvert á árganga hittist reglulega og fara yfir starf frístundarinnar. Hvað er skemmtilegt að gera og hverju vilja þau breyta og bæta. Allir þátttakendur í frístund fara einhvern tímann á fund í barnaráði og fá að koma sínum hugmyndum á framfæri.

Í öllum frístundum er markvisst unnið að því að þjálfa félagsfærni og jákvæðan skóla-/frístundabrag í starfinu. Sem dæmi um það má nefna að í Álfhól er farið eftir stefnu skólans um jákvæðan skólabrag þar sem skipulagður og frjáls leikur spilar stóra þátt. Einnig má nefna skákkennsluna og skólakórinn á frístundartíma sem spilar stóran þátt í jákvæðum skólabrag með samvinnu og styrkingu á félagslegum tengslum á milli barnanna. Forstöðumenn og starfsfólk frístunda skipa einnig stóran sess í jákvæðum skólabrag, það er mikilvægt að fullorðna fólkið séu góðar fyrirmyndir í verki og orðum svo börnin öðlist jákvæða upplifun í frístund og finni fyrir öryggi og vellíðan. Eineltisáætlun skólans „Öll sem eitt (ÖSE)“ er fylgt eftir komi upp slík tilfelli. Álfhóll fer eftir gildum skólans; menntun, sjálfstæði og ánægja. Einnig eru mánaðargildin sem Álfhóll mun vinna með hvern mánuð í formi leik og starfs innan frístundar. Í Drekaheimum í Smáraskóla, Stjörnunni í Kópavogsskóla og í Stjörnuheimum í Vatnsendaskóla er unnið samkvæmt uppbyggingarstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Frístundir eiga að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Því er leitað allra ráða til að fyrirbyggja einelti og annað ofbeldi. Lögð er áhersla á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Allt starfsfólk Drekaheima og Stjörnuheima tekur virkan þátt í baráttunni gegn einelti og í daglegu starfi er ýtt undir jákvæð samskipti á milli barnanna, fylgst er með vinasamböndum og reynt að skoða allar hliðar málsins þegar upp kemur ágreiningur. Í öllum frístundum er unnið eftir öryggisferlum sem gefnir voru út af Kópavogsbæ og er ætlað að tryggja öryggi barnanna í frístundastarfinu, sjá fylgiskjal á fundamannagátt.

Dæmi um dagskipulag í frístundum - Drekaheimar 1. og 2. bekkur:

DAGSKRÁ DREKAHEIMA 2023-2024 1. - 2. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Fössari
13:30 - 14:00	Síðdegishressing Kór - 13:45-14:15 	Síðdegishressing	Síðdegishressing Dans 14:15-15:00 	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:00 - 14:20	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni
14:20 - 15:00	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
		Íþróttaklúbbur (2. bekkur)		Íþróttaklúbbur (1. bekkur)	
15:00 - 16:00	Val inni Mini Tennis 	Val inni	Val inni Hópastarf (2. bekkur)	Val inni Hópastarf (1. bekkur)	DVD 
16:00 - 17:00	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund

Drekaheimar 3. og 4. Bekkur

DAGSKRÁ DREKAHEIMA 2023-2024 3. - 4. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Fössari
13:30 - 14:00	Síðdegishressing	Síðdegishressing Kór - 13:45-14:25 	Síðdegishressing Dans 14:15-15:00 	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:00 - 14:20	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni	DVD 
14:20 - 15:00	Útivist Barnalyðræði aðra hverja viku	Útivist Þeba til 15:30 (hópaskípt) 	Útivist	Útivist Þeba til 15:30 (hópaskípt) 	
	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni
15:00 - 16:00			Íþróttaklúbbur á gula velli 		
16:00 - 17:00	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund

Hörðuheimar 3. og 4. bekkur – Vikuskipulag:

Kastalinn 26.- 30. september

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Simanúmer Kastalans s. 825-5947
MYNDMENNTASTOFA	SÁLUR	KASTALASTOFA	TÓNMENTASTOFA	HEIMILISFRÆÐI	 Hugmyndadagur Börnin skipuleggja næstu viku. Hvað á að gera í myndmenntastofu, tónmenntastofu og inni sal? Hvað á að baka/elda? Hvernig keppni á að hafa? Hugmyndir fyrir ferðadag? Keppnisdagur Keppt verður í keppni sem börnin ákveða. Í lok hvers mánaðar eru stig talinn og mánaðarmeistari Hörðuheima krýndur.
SKRÍMSLAGERÐ	SKOTBOLTI	HUGMYNDADAGUR – SKIPULEGGJUM DAGSKRÁ NÆSTU VIKU	JUST DANCE	PIZZUGERÐ	
TÓNMENTASTOFA	KÚLAN	KEPPNIDAGUR	KÚLAN	MYNDMENNTASTOFA	
VARÚLFUR	PLAYSTATION BÍÓMYND	SKUTLUKEPPNI	PLAYSTATION BÍÓMYND	BÓA TIL GRÍMUR	
KASTALASTOFA	MATSALUR	KASTALASTOFA	MATSALUR	KASTALASTOFA	
KUBBAR FÓTBÓLTASPIL ÆKUR SPIL	LITIR SPIL PERLUR	KUBBAR FÓTBÓLTASPIL ÆKUR SPIL	LITIR SPIL PERLUR	KUBBAR FÓTBÓLTASPIL ÆKUR SPIL	




Mánudaginn 3. október ætlum við að vera með TIE DIE í Kastalanum. Því er mikilvægt að öll börn komi með eitthvað hvítt að heiman sem þau meiga mála á :)

Demantabær – vikuskipulag í 1. – 4. bekk:


	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.
Kl. 13:00-13:20	Börnin mæta	Börnin mæta	Börnin mæta	Börnin mæta	Börnin mæta
Kl. 13:45-15:15	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til
Kl. 14:00-15:00	Kaffitímar	Kaffitímar	Kaffitímar	Kaffitímar	Kaffitímar
Kl. 13:30-15:50	Frjáls leikur (borðtennis 3. b) Smíði 3. og 4. b	Frjáls leikur Leiklist 3. og 4. b	Frjáls leikur Skák 1.- 4. b Ipad kahoot 4. b	Frjáls leikur (borðtennis 4. b) Söngustund 1. b Matreiðsla 4. b	Frjáls leikur Textíll 2. - 4. b
Kl. 13:30-15:50	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
Kl. 14:10-15:50	Íþróttasalur 2. b Bókasafn 4. b	Bókasafn 1. - 2. b Matreiðsla 2. b	Íþróttasalur 1. b Danspartí 2. - 3. b	Íþróttasalur 3. b Íþróttasalur 1. b Íþróttasalur 2. b	Íþróttasalur 2. b Íþróttasalur 1. b
Kl. 14:10-15:30	Dansskóli – námskeið	Ipad kahoot 3. b	Matreiðsla 3. b	Bókasafn 3. b Danspartí 1. b	Frjálst
Kl. 15:50-17:00	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund

Stjörnuheimar – vikuskipulag í 1. og 2. bekk:

STJÖRNUHEIMAR  28.-02. SEPTEMBER OKTÓBER 1&2 BEKKUR S:6214171 ARIMAGNUS@KOPAVOGUR.IS	MÁNUDAGUR 28.SEPTEMBER HREYFILEIKUR JUST DANCE	ÞRIÐJUDAGUR 29.SEPTEMBER TÖLVUR 1.BEKKUR ÍÞRÓTTAHÚS
MÍÐVIKUDAGUR 30.SEPTEMBER VÍSINDASMIÐJA 2. 3.&4 bekkur íþróttahús (14:20-15:00)	FIMMTUDAGUR 1.OKTÓBER GÖNGUFERÐ	FÖSTUDAGUR 2.OKTÓBER SÖNGSTUND Föstudags Bíó

Vinahóll - bekk:

vikuskipulag í 1. og 2.

Vinahóll frístund Kársnesskóla - Vikuskipulag 1. og 2. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:30	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla
14:00 - 14:30	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 
14:00 - 14:30					
13:30	Skák hjá 1.bekk kl 14:10-14:40.				
14:15 - 15:00	Skák hjá 2.bekk kl 13:30-14:10		Íþróttir 1.bekkur í Íþróttahúsi Kársnesskóla		Íþróttir á útisvæði / sal eða í Íþróttahúsi Kársnesskóla
14:30 - 16:00	Innivera - Frjálst val (Valtafla, börnin velja) - Úti eða innileikir	Innivera - Frjálst val (Valtafla, börnin velja)	Innivera - Frjálst Val (Valtafla)	Hópastarf	Bíó - Val 
16:00 - 16:30	 Spil, Skák - Val	Leikir- Inni / val í stofu	Leikir- Inni / val í stofu	 Spil, Skák - Val	
17:00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
Frístundarbill íþróttafélagana					
13:55	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill
14:55	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill

Íþróttir: Fara fram á vegum Vinahóls frístundar í umsjón Guðna og Rúnars Íþróttakennara og eru hópar aldurskiptir.

Skákkennsla í 1. og 2.bekk: Kennari: Ingi Tandri Traustasson. Skákmeistari.

Stjarnan - vikuskipulag í 1. og 2. bekk:

 Stjarnan frístund Víkuskipulag 1. og 2. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:20	Innskráning í Stjórnuna og útivíst	Innskráning í Stjórnuna og útivíst	Innskráning í Stjórnuna og útivíst	Innskráning í Stjórnuna og útivíst	Innskráning í Stjórnuna og útivíst
14:00	 Síðdegisdressing	Síðdegisdressing	 Síðdegisdressing	Síðdegisdressing	 Síðdegisdressing
14:20	Val/hópastarf	Val/hópastarf	Val/hópastarf	Val/hópastarf	 Föstudagsbíó
15:45	 Útivíst	 Útivíst	 Útivíst	 Útivíst	 Útivíst
16:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
17:00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað

Haustadagsskráin í Frístund Salaskóla

1.- 2.bekkur

18. sept - 20. okt 2023

*Dagskráin getur breyst án fyrirvara

Mánudagur
Puttaprjón
Armbönd
/frjáls leikur


Þriðjudagur
Frjáls leikur


Miðvikudagur
Tónlistarsmiðja
/frjáls leikur


Fimmtudagur
Bílaklúbbur
/frjáls leikur


Föstudagur
Föstudagsfjör


Símanúmer:

1.bekkur: 839-7901

2.bekkur: 839-7902

Tækifæri til úrbóta

Þó að margt sé vel gert í frístundastarfinu má alltaf leita leiða til að gera enn betur. Tækifæri til úrbóta eru að virkja enn betur barnaráð innan frístundanna. Nú þegar hafa 2 frístundir fengið viðurkenningu sem réttindafrístundir (Krakkaland árið 2021 og Stjörnuheimar 2022). Fjórar frístundir eru í startholunum að hefja innleiðingu á réttindafrístund ásamt skólanum og félagsmiðstöðinni en það eru Álfhóll, Demantabær, Stjarnan og Drekaheimar. Barnaráð eru nú þegar starfandi í langflestum frístundum en mætti efla enn frekar. Í stefnu um málefni frístunda er kveðið á um að skipulag frístunda skuli taka mið af faglegum áherslum sem þroski og efli félagsfærni barna. Áhersla skuli lögð á að börnin læri að taka ákvarðanir og eflist og þroskist í félagslegum samskiptum. Einnig að mikilvægt sé að börnin séu virkir þátttakendur í leik og starfi og fái tækifæri til að velja verkefni, vinna í hópum og frjálsum leik. Einnig að lýðræðisvitund og ábyrgð barnanna verði eflað m.a. með því að börnin taki þátt í að móta dagskrá dagslegs starfs. Kópavogsbær fékk viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag árið 2021 og í því felst að taka tillit til réttinda barna við ákvarðanatöku og hlusta á raddir barna við gerð stefnu, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku. Vettvangur frístunda er einmitt kjörinn til þess að leyfa röddum barna að hljóma og þar geta þau fengið þjálfun og æfingu í að koma skoðunum sínum á framfæri.

Annað sem mætti efla betur með í frístundum er innra mat á frístundastarfinu. Flestar frístundir rýna þó niðurstöður skólapúlsins um þau atriði er varða frístundina sem koma í foreldrakönnun sem lögð er fyrir annað hvert ár. Í Salaskóla er hefð fyrir morgunkaffi með foreldrum og stjórnendum og forstöðumaður frístundar kemur inn þegar foreldra í 1. – 4. bekk mæta. Þar er rætt um skóla- og frístundastarfið og allir fá 2 gula miða í lokin þar sem þeir skrifa niður jákvæðan punkt er varða skólann og frístunda og sömuleiðis einn punkt varðandi það sem betur má fara. Þannig er á einfaldan hátt safnað saman upplýsingum um það sem vel er gert og betur má fara. Á fundi með forstöðumönnum í september var ákveðið að setja saman einfalda könnun til að fá fram skoðanir foreldra á frístundastarfinu. Við munum á næsta fundi setja saman könnun og senda til foreldra allra barna í frístund. Með því að senda út eins könnun fáum við líka samanburð á milli frístunda. Einnig verður búin til starfsmannakönnun sem sniðin er að starfinu í frístund til að fá fram skoðanir frístundaleiðbeinenda á stjórnun og þeim áskorunum sem þeir standa frammi fyrir í starfinu. Kannanir verða svo nýttar til að rýna starfið og vinna umbótaáætlanir á hverjum stað. Sömuleiðis er auðvelt að leggja fyrir einfalda tengslakönnun meðal barnanna og nýta niðurstöður í starfinu til að kortleggja félagslega stöðu barnanna innan hópsins og efla þau börn sem standa á jaðrinum. Barnaráð mætti til að mynda nýta til að fá fram skoðanir barnanna á þeirri þjónustu sem þeir þiggja í frístund Eins er mikilvægt er að leita eftir skoðunum frístundaleiðbeinenda á starfinu sínu í frístund til að gera frístundastarfið sem best fyrir alla, starfsfólkið sem og þiggjendur þjónustunnar.

Eftirfylgni grunnskóladeildar

Nú stendur þannig á að það eru 4 nýir forstöðumenn hópnum þetta haustið. Það þarf að gæta að því að þeir fái þá leiðsögn og aðstoð sem þeir þurfa. Verkefnastjóri hefur veitt þeim ráðgjöf eftir því sem efni standa til bæði í síma og með heimsóknum. Til stendur að fá fræðslu frá Margréti Sigurðardóttur fyrir forstöðumenn frístunda til að efla þá í starfi. Einnig er búíð að setja niður fræðslu um innleiðingu nýrra farsældarlaga fyrir forstöðumenn en sú kynning verður í nóvember.

Verkefnastjóri mun fylgja eftir að barnaráð verði allstaðar virk í öllum frístundum bæjarins en barnaráð er þegar virkt í flestum frístundum.

Verkefnastjóri á grunnskóladeild fundar mánaðarlega með forstöðumönnum frístunda til að samræma starfið og efla forstöðumenn frístunda faglega. Fundirnir

eru haldnir í frístundunum og forstöðumenn skiptast á að bjóða á fundi til sín. Þar eru kynningar á starfinu hjá gestgjöfunum og þannig skiptist fólk á hugmyndum, bæði að viðfangsefnum, leikjum, uppröðun og skipulagningu.

Virðingarfyllst,

Hekla Hannibalsdóttir
Verkefnastjóri grunnskóladeildar